

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 1. ágúst, kl. 09:00 var haldinn 1787. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn huemeno ehf., kt. 690524-1120, dags. 17. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir dreifingu (innflutningur og sala) á forpökkuðum matvælum, einnig í vefverslun (Huemeno). Geymslu og flutning matvæla annast matvælafyrirtæki með starfsleyfi skv. samningi þar um. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Spice Grill ehf., kt. 580521-0610, dags. 11. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Indo – Italian Restaurant) að Engjateigi 17-19, F2019493, F2019501 og F2019491, rými 01 0101, 01 0109 og 01 0002. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn ASIS INC ehf., kt. 480310-0710, dags. 16. júlí 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Viet House) að Hraunbergi 4, F2263328, rými 01 0105. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og Reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.
- Lögð fram umsókn NB 88 ehf., kt. 480914-0230, dags. 26. júní 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Tuk Tuk Thai) að Suðurlandsbraut 10, F2012704, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 22. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Spice Grill ehf., kt. 580521-0610, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Indo – Italian Restaurant) að Engjateigi 17-19, F2019493, F2019501 og F2019491, rými 01 0101, 01 0109 og 01 0002.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og Reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.

- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 22. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Innness ehf., kt. 650387-1399, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Innnes) að Korngörðum 3, F2357520, rými 0402.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 6. september 2034.

- Lögð fram umsókn Andra Þórs Gestssonar, kt. 110174-3579, dags. 29. júlí 2024, um skráningu á niðurrifi á húsnaði Sólbakka í Varmadalshlí, F2085718, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24060068. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

- Lögð fram umsókn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu, kt. 530269-1839, dags. 13. mars 2024, um starfsleyfi fyrir rekstri á neyslurými og heilbrigðisstarfsemi (Neyslurýmið Ylja) að Borgartúni 5, L102758. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.

- Lögð fram umsókn Next Level Gaming ehf., kt. 451023-1010, dags. 5. júní 2024, um starfsleyfi fyrir tómtunda-, menningar- og íþróttastarfsemi, þ.e. rafíþróttasetur og veitingastað; krá (Next Level Gaming) að Fossaleyni 1, F2259527, rými 01 0102 (verður rými 01 0136 sbr. samþykkt mál USK24010162). Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 29. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 26. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Next Level Gaming ehf., kt. 451023-1010, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá (Next Level Gaming) að Fossaleyni 1, F2259527, rými 01 0102 (verður rými 01 0136 sbr. samþykkt mál USK24010162).

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

- Lögð fram að nýju umsókn Hringrásar ehf., kt. 490195-2039, dags. 1. desember 2023, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir móttöku á brotamálmi, móttökustöð fyrir bifreiðar sem áformað er að farga, smurstöð, bifreiða- og vélaverkstæði, flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum, flutningi á spilliefnum og

olíugeyma til eigin nota að Klettagörðum 9, F2230596, rými 04 0101, 05 0101, 06 0101 og á lóð. Endurnýjun starfsleyfis. Afgreiðslu umsóknar var frestað á 1761. afgreiðslufundi 5. mars 2024.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 31. desember 2024 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir móttökustöð fyrir ökutæki sem áformað er að farga, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutningi á úrgangi öðrum en spilliefnum og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutningi á spilliefnum.*

**Fundi slitið kl. 10:20**

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson